

Fuglaathuganir frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði

Unnið fyrir Vegagerðina

Böðvar Þórisson

Þorleifur Eiríksson

Desember 2008
NV nr. 13-08

ÚTDRÁTTUR

Fyrirhugaðar eru vegaf framkvæmdir frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði. Þar sem litlar breytingar eru fyrirhugaðar á vegstæðinu var núverandi vegi að mestu fylgt eftir við fuglatalningar. Fuglar voru taldir báðum megin við veginn og mat lagt á hvort þeir væru varpfuglar eða ekki.

Rannsóknarsvæðið er að mestu vel gróið og er birki algengasta gróðurlendið. Reynitré eru þó nokkuð algeng. Lítið er um votlendi á athugunarsvæðinu fyrir utan leirurnar. Við Eiðshúsaá voru þó votlendisblettir. Á athugunarsvæðinu voru nánast engir melar eða lítt gróin svæði nema þá helst við Eiðið og Litlanes.

Hrossagaukur, þúfutittlingur og skógarþröstur sáust á öllum svæðum og voru einna algengastir á hverju svæði fyrir sig.

Við Eiðshúsaá sáust jaðrakanar, stelkar og einn urtandarsteggur í votlendinu. Í fjörunni fyrir neðan svæðið var eitt sandlóupar. Sumarið 2008 sáust óðinshannar á polli fyrir ofan veg á móts við votlendið.

Grágæs og hrafn, sem eru á válista, sáust á athugunarsvæðinu. Engir varplegir fuglar sáust við veglínuna en líklega verpa þeir í grennd við svæðið.

Æðarfugl sást víða á sjónum í fjörðunum og verpur hann nær örugglega meðfram ströndinni og á hólum og skerjum í fjörðunum.

Enginn músarindill sást eða heyrðist í athugininni en hann ætti að vera á svæðinu miðað við búsvæðið. Hann hefur sést við aðrar athuganir í Kjálka- og Mjóafirði og er varpfugl á svæðinu

Fuglalífið var einsleitt á athugunarsvæðinu og voru þúfutittlingur, skógarþröstur og hrossagaukur algengastir.

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	2
EFNISYFIRLIT	3
INNGANGUR	4
Rannsóknarsvæði	4
AÐFERÐIR	5
NIÐURSTÖÐUR	5
Yfirlit yfir varpfugla á svæðunum	10
Verndarákvæði	11
UMRÆÐUR	12
Vegagerð	13
HEIMILDASKRÁ	14

INNGANGUR

Fyrirhugaðar eru vegaf framkvæmdir frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði í Barðastrandarsýslu¹. Litlar breytingar eru fyrirhugaðar á legu vegarins en hann verður þó breikkaður og slitlag lagt á hann til að fullnægja núverandi vegstöðlum. Kerlingarfjörður (Mjóifjörður) og Kjálkafjörður verða þveraðir.


Athuganir á varpfuglum í Barðastrandarsýslu eru litlar en þó hefur Náttúrustofa Vestfjarða gert athuganir á fuglum frá Kollafirði að Þorskafirði í Austur-Barðastrandarsýslu (Þorleifur Eiríksson 2001; Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2005).

Rannsóknarsvæði

Rannsóknarsvæðið er að mestu vel gróið og er birki (*Betula pubescens*) algengasta gróðurlendið. Reyniviður (*Sorbus aucuparia*) er þó nokkuð algengur.

Lítið er um votlendi á athugunarsvæðinu fyrir utan leirur. Við Eiðshúsaá voru þó votlendisblettir um 4,2 ha (0,04 km²) að stærð. Á athugunarsvæðinu voru nánast engir melar eða lítt gróin svæði nema þá helst við Eiðið og Litlanes.

Rannsóknarsvæðinu (mynd 1) var skipt niður í nokkur svæði eftir landslagi og búsvæðum. Hugsanlegar þveranir í Kerlingarfirði (Mjóafirði) og Kjálkafirði voru hafðar í huga varðandi skiptinguna.



Mynd 1. Kort af athugunarsvæðinu. Rauðir hringir sýna hvar sniðin byrja og enda. Fyrsta sniðið byrjar við Eiðið á milli Vattar- og Kerlingarfjarðar.

¹ Barðastrandarsýsla skiptist í Vestur- og Austur-Barðastrandarsýslu (sjá t.d. Jóhann Skaptason 1959).

AÐFERÐIR

Athuganir voru gerðar á varpfuglum 7. júní 2007 frá slitlagsenda í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði.

Notaðir voru sjónaukar (Pentax 8*42, Leica 8*32) og GPS staðsetningartæki.

Þar sem litlar breytingar eru fyrirhugaðar á vegstæðinu var núverandi vegi að mestu fylgt eftir við fuglaathuganir. Fuglar voru taldir báðum megin við veginn og mat lagt á hvort þeir væru varpfuglar eða ekki. Töluverður birkigróður er innarlega í fjörðunum og því nánast ófært að fara þar um og telja fugla nema af veginum. Við Litlanes á milli Kerlingar- og Kjálkafjarðar var þó farið fyrir neðan veginn.

Fuglar sem sást og/eða heyrðust voru skráðir. Atferli þeirra var skráð þ.e. óðals- og varpatferli, fæðuleit eða hvort fuglarnir áttu leið um. Hver fugl eða þar með óðals- eða varpatferli taldist standa fyrir eitt óðal (eitt varppar).

NIÐURSTÖÐUR

Á milli Vattarfjarðar og Kerlingarfjarðar um Eiðið (mynd 1) var búsvæðið mólendi og melar. Birkið var þó ekki langt undan (tafla 1).

Tafla 1. Fuglar við Eiði. Mólendi og melar, 930 m langt snið.

Tegund ísl.	Latína	Fjöldi	Óðul	Lýsing
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	1	1	Ein syngjandi
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	4	2	3 hneggjandi og 1 flaug upp
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	4	(1)	Einn var á flugi
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	5	2	Tveir syngjandi
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	1	(1)	Var á flugi
Samtals fjöldi/óðul		15	6	5-7 óðul

Frá Eiði að Eiðshúsará var búsvæðið að mestu birki en einnig mólendi. Þúfutittlingur og hrossagaukur voru algengastir (tafla 2).

Tafla 2. Eiðshús. Mólendi og birki, 2,5 km langt snið.

Tegund ísl.	Latína	Fjöldi	Óðul	Lýsing
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	1		Ein stök álft var á sjónum
Grágæs	<i>Anser anser</i>	2		Var á flugi
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	3		Þrír steggir voru á sjónum
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	1		Einn var í fjörinni
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	4	1-2	Par syngjandi
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	9	4	1 flaug upp, hinir hneggjandi
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	8	1-2	5 voru á flugi
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	9	4-5	Syngjandi
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	4	2-3	2 sátu á grein, hinir sungu
Samtals		34	14	12-16 óðul

Nálægt Eiðshúsará voru kannaðir tæpir 6 ha (0,06 km²) neðan vegar en innan svæðisins voru 4,2 ha (0,04 km²) mýrlendi (sjá Hafdís Sturlaugsdóttir 2008, mynd 2). Litlir pollar voru rétt innan við mýrlendið og sáust þar nokkrir stelkar, ein urtönd og jaðrakan flaug á milli votlendis blettanna (tafla 3).

Tafla 3. Eiðshúsará. Mýri, mólendi, birki og leira.

Tegund ísl.	Latína	Fjöldi	Óðul	Lýsing
Urtönd	<i>Anas crecca</i>	1		1 steggur var í mýrarpolti
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	2	(1)	Par var nálægt landi
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	1	1	Einn var í fjöru, varplegur
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	2	(1)	Par var í fjöru, ekki varplegt
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	5	3	Bæði við birkið og í mýrinni
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	2	1	Par, varplegt.
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	7	2-3	Líklega 2-3 pör
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	1		Sat á steini
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	4	2-3	Allir syngjandi
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	3	1-2	Syngjandi
Samtals		28	14	12-15 óðul



Mynd 2. Votlendi við Eiðshúsaá, útlínur þess svæðis eru gular.

Um sumarið 2008 sáust tveir óðinshana (*Phalaropus lobatus*) karlar á polli nálægt Eiðshúsará. Þeir voru báðir varplegir (Hafðís Sturlaugsdóttir munnl. upplýsingar).

Æðarfuglinn sást í hvíld á eyrinni og á sjónum í grennd við hana (tafla 4). Tjaldur var einnig mikið við eyrina og í fæðuleit meðfram ströndinni. Líklega verpa nokkur pör á eyrinni en ekki er mikið um aðra líklega staði að ræða. Skógarþröstur og þúfutittlingur voru algengustu varpfuglarnir á þessu sniði eins og oft áður.

Tafla 4. Mjóafjarðarbotn: Eiðshúsaá að botni fjarðarins (eyri). Birki vaxið, um 3,2 km langt snið.

Tegund ísl.	Latína	Fjöldi	Óðul	Lýsing
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	4		Fjórar við botn fjarðarins
Grágæs	<i>Anser anser</i>	9		Á sjó, eyri og á flugi
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	3	1	2 kk og 1 kvk voru í fjöru
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	107		89 kk og 18 kvk á eyrinni
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	32	(2-5)	28 á eyrinni að éta og á flugi
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	12	4-6	Flestir á flugi og hneggjandi
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	2	1	Í fjöru
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	2		Á flugi
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	2		Fullorðnir
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	14		Sátu niður í fjöru og á flugi
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	17	8-12	Flestir syngjandi
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	1	1	Um 100 m frá sniði
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	25	10-15	Flestir syngjandi
Snjóttittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	6	2-3	Syngjandi upp í klettum
Samtals		236	36	29-43 óðul

Hæð birkis lækkar eftir því sem utar dregur í firðinum og birkið verður gisnara. Á því svæði sáust tveir rjúpakarrar. Eins og á sniði 4 voru Þúfutittlingur og skógarþröstur algengustu varpfuglarnir (tafla 5). Á sjónum sáust fuglar í æti t.d. lundi, rita og kría.

Tafla 5. Eyri-Borganes í Mjóafirði, birki. Um 2,8 km langt snið.

Tegund ísl.	Latína	Fjöldi	Óðul	Lýsing
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	12		8 kk og 4 kvk, á sjónum
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	2		Innarlega, á sjónum
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	2	2	2 karrar, 100-150 m frá sniði
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	8		Á flugi og í fæðuleit
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	1	1	Hneggjandi
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	5		Í fjörunni og á flugi
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	3		Sátu og á flugi
Rita	<i>Rissa tridactyla</i>	8		Á flugi yfir sjónum
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	11		9 á flugi og 2 sitja á steini
Lundi	<i>Fratercula arctica</i>	1		Á flugi innarlega á sjónum
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	4	2-3	3 syngjandi
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	5	2-4	Syngjandi
Snjóttittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	1	1	Syngjandi
Samtals		63	10	8-11 óðul

Frá Borgarnesi breyttist búsvæðið úr birki yfir í graslendi. Við Kirkjuból og fyrir ofan það voru sandhjallar. Þúfuttlingur var algengasti varpfuglinn og þar á eftir skógarþröstur (tafla 6).

Tafla 6. Borgarnes-Kirkjuból í Mjóafirði: birki/mólendi og sandhjallar. Um 2,2 km langt snið.

Tegund ísl.	Latína	Fjöldi	Óðul	Lýsing
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	3		Á sundi
Grágæs	<i>Anser anser</i>	8		6 á flugi
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	12		11 kk og 1 kvk á sundi
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	2	2	Tveir karrar
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	5	3-4	Allar syngjandi
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	9	4-6	Hneggjandi og flugu upp
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	9	2	Líklega tvö óðul
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	18		Á flugi og sitjandi í fjöru
Þúfuttlingur	<i>Anthus pratensis</i>	17	8-10	7 syngjandi.
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	7	2-4	2 syngjandi
Samtals		90	25	21-28 óðul

Frá Kirkjubóli að Litlanesi var lítið fuglalíf innan við 100 m frá athuganda en því meira í fjörunni (tafla 7). Hrossagaukur var algengasti varpfuglinn en annars var lítið af varpfugli. Hugsanlega var hrafninn með óðal undir Litlanesfjalli en ekki sást laupur. Á klapparholtum við Litlanes sáust fáir fuglar og sama má segja við áningarstað Vegagerðarinnar á nesinu. Í maí 2007 sást þar varpleg maríuerla (*Motacilla alba*) en hún sást ekki í júní sama ár.

Tafla 7. Kirkjuból-Litlanes. Mólendi/graslendi/stórgrýti/klappir og möl. Um 2,6 km langt snið.

Tegund ísl.	Latína	Fjöldi	Óðul	Lýsing
Lómur	<i>Gavia stellata</i>	2		Tveir (par) fuglar við Hjalley
Grágæs	<i>Anser anser</i>	2		Á flugi og í fjöru
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	70		Á sjónum, Hjalley-Litlanes
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	2		Á sjónum
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	7		Í fjörunni
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	7	3-4	Hneggjandi
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	3	1	Líklega eitt óðal
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	2	(1)	Á milli Hjalleyjar-Litlaness
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	2		Á flugi
Þúfuttlingur	<i>Anthus pratensis</i>	4	2	2 syngjandi
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	1	1	
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	2	(1)	Óðal á milli Hjalleyjar-Litlaness
Samtals		104	9	7-10 óðul

Talið var frá Litlanesi og inn að Seli sem er rétt innan við Hraun í Kjálkafirði. Svæðið er skriðurunnið, mólendi, graslendi en einnig eru nokkrar birkihrislur við Hraun.

Hrossagaukur, skógarpröstur og þúfutittlingur voru algengastir en einnig sáust nokkrir steindeplar (tafla 8).

Tafla 8. Litlanes-Sel. Mólendi/graslendi/urð og grjótskriður. Um 2 km langt snið.

Tegund ísl.	Latína	Fjöldi	Óðul	Lýsing
Grágæs	<i>Anser anser</i>	4		2 á flugi og 2 sitja
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	6		3 pör á sjónum
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>	4		3 kk og 1 kvk á sjónum
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	2		Á flugi
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	6	3-4	Hneggjandi
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	2		Á flugi
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	4	2	2 syngjandi
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	3	2-3	2-3 óðul
Skógarpröstur	<i>Turdus iliacus</i>	4	2-3	3 Syngjandi
Samtals		35	11	9-12 óðul

Frá Seli að Deildará er birki ríkjandi búsvæði en einnig eru þar mólendisblettir. Á milli klettaganga sem ganga út í sjó eru leiruskikar. Tjaldur og stelkur sáust í fjörunni en í birkinu var skógarpröstur algengastur (tafla 9).

Tafla 9. Sel-Deildará. Mólendi/birki og leirur. Um 1,6 km langt snið.

Tegund ísl.	Latína	Fjöldi	Óðul	Lýsing
Grágæs	<i>Anser anser</i>	2		Rétt utan við Deildará
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	5		2 kk og 3 kvk á sjónum
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	4	2	2 pör varpleg u/Deildará
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	1	1	Syngjandi
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	5	2-4	3 hneggjandi
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	4	1	Varplegt par
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	2		1 á flugi og 1 sitjandi á steini
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	4	2	2 syngjandi
Skógarpröstur	<i>Turdus iliacus</i>	7	3-5	Allir syngjandi
Samtals		34	13	11-15 óðul

Frá Deildará að Þverá er birki ríkjandi búsvæði en svæðið er bratt og stutt á milli fjalls og fjöru. Skógarpröstur var algengasti varpfuglinn í birkinu en fuglar í fjörunni voru einnig áberandi. Út í hólmanum sást álf á hreiðri og þar var einnig grágæsa par (tafla 10).

Tafla 10. Deildará-Þverá. Birki/leirur, mólendi og hólmi.

Tegund ísl.	Latína	Fjöldi	Óðul	Lýsing
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	2	1	Ein á hreiðri út í hólmanum
Grágæs	<i>Anser anser</i>	4	(1)	Par úti í hólmanum
Æður	<i>Somateria mollissima</i>	10		6 kk og 4 kvk á sjónum
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	11	2	A.m.k. 2 varplegir
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	1	1	Syngjandi
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	6	3-4	5 hneggjandi, 1 flaug upp
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	10	4	4 varpleg pör
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>	1		Á sjónum
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>	14		Á sjónum innan hólman
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>	23		Á flugi og sátu á eyggi
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	7	3-4	3 syngjandi
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	10	5-7	8 syngjandi
Samtals		101	21	19-25 óðul

Frá Eiði að Þverá í Kjálkafirði var þúfutittlingur algengasti varpfuglinn og þar á eftir skógarþröstur og hrossagaukur.

Enginn músarindill sást eða heyrðist á svæðinu en það hefur heyrst í honum bæði í Kjálkafirði og Mjóafirði yfir sumartíma. Vænta má að nokkur óðul séu innarlega í fjörðunum þrátt fyrir að ekki hafi orðið vart við hann í þetta skipti.

Yfirlit yfir varpfugla á svæðunum

Hrossagaukur, þúfutittlingur og skógarþröstur sáust á öllum svæðum (tafla 11) og voru þeir einna algengastir á hverju svæði fyrir sig.

Stelkur er bæði áberandi og það heyrst vel í honum svo það kom ekki óvart að hann sást á mörgum svæðum. Hann sást aðallega niður í fjöru en lítið innan 100 m frá athuganda.

Grágæs sást á sjö svæðum af tíu en hvar hvergi varpleg nálægt veglínnum. Hún var líklega í varpi í hólmanum í botni Kjálkafjarðar á svæði 10.

Æðarfugl sást í öllum fjörðunum og er hann líklega algengur varpfugl á hólum og skerjum í fjörðunum. Það fannst samt ekkert hreiður enda var aðallega athugað svæðið næst núverandi vegi.

Toppönd sást á þremur svæðum og verpur hún líklega í þessum fjörðum þó svo að það hafi ekki náðst að staðfesta það.

Kría sást á sex svæðum en ekki sáust nein hreiður né líklegar byggðir. Hún sást oftast í fæðuleit en hugsanlega gætu verið fáein varppör á svæðinu.

Miðað við búsvæði ætti músarindill að vera á svæðinu og það heyrðist í syngjandi fugli í botni Kjálka- og Mjóafjarðar 2006. Hann er nær örugglega varpfugl í fjarðarbotnunum þó svo að ekki hafi heyrst í honum í talningunni 2007.

Í töflu 11 má sjá tegundir eftir svæðum og hvort þeir hafi verið líklegir varpfuglar eða einungis átt leið um svæðið.

Tafla 11. Svæðaskipting og staða varpfugla innan hvers svæðis. Við hverja tegund er merkt „X“ ef hún er varpfugl en „(X)“ ef hann er hugsanlega varpfugl. Fuglar sem sáust þegar þeir áttu leið um svæðið t.d. í fæðuleit eru merktir með U.

Tegund ísl.	Svæði (tafla 1-10)									
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Lómur							U			
Álft		U		U		U				X
Grágæs		U		U		U	U	U	U	(X)
Stokkönd		U		(X)		(X)			U	
Urtönd			(X)							
Æður			(X)	(X)	(X)		(X)	(X)		(X)
Toppönd					U		U	U		
Rjúpa					X	X				
Tjaldur		(X)	X	X	U		U	U	X	X
Sandlóa			(X)							
Heiðlóa	X	X				X			X	X
Hrossagaukur	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Stelkur	(X)	X	X	X	U	X	X		X	X
Óðinshani			X							
Hettumáfur										U
Svartbakur				U			(X)	U		
Hvítmáfur				U	U					U
Rita					U					
Kría			U	U	U		U		U	U
Lundi					U					
Þúfuttlingur	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Maríuerla							(X)			
Steindepill								X		
Skógarþröstur	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Hrafn							(X)			
Snjótittlingur				X	X					
Samtals varpf.	5	7	9	8	6	7	8	5	6	10

Verndarákvæði

Núverandi vegur er á svæðum (Kjálka- og Kerlingarfjarðar) sem eru á Náttúruminjasrá (Náttúruverndarráð 1996).

Breiðafjörður nýtur sérstakar laga (lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995) og tekur ákvæði laganna til allra eyja, hólma, skerja og fjara sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker,

Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu. Athugunarsvæðið er innan þessara marka.

Á valista um fugla sem Náttúrufræðistofnun Íslands (2000) gefur út sáust eftirtaldar tegundir á framkvæmdarsvæðinu:

Tegundir í yfirvofandi hættu:

Grágæs, hefur fækkað meira en 20% á 10 árum.

Það sáust ekki varplegir fuglar við veglínuna en grágæs er örugglega varpfugl á svæðinu.

Hrafn, hefur fækkað meira en 20% á 10 árum.

Tveir hrafnar sáust á milli Hjalleyjar og Litlanness og gætu þeir verið með óðal á því svæði.

Svartbakur, hefur fækkað.

Svartbakarnir sem sáust, áttu leið um svæðið og voru líklega í fæðuleit.

UMRÆÐUR

Athugunarsvæðið er frekar einsleitt og er algengasta búsvæðið birkigróður. Í því búsvæði voru þúfutittlingar, skógarþrestir og hrossagaukar algengastir en þeir voru einnig algengir í búsvæði sem var blandað birki og mólendi.

Enginn músarindill sást eða heyrðist en hann ætti að vera í birkinu í fjörðunum. Hann hefur sést við aðrar athuganir í botni Kjálka- og Mjóafjarðar og er hann varpfugl á svæðinu.

Eina votlendið á svæðinu fyrir utan leirurnar, er við Eiðshúsará (sjá mynd 2). Á því svæði sáust jaðrakanpar, sandlóupar (í fjörunni), stelkar og einn urtandarsteggur. Sumarið 2008 sáust óðinshannar á polli fyrir ofan veg á móts við votlendið.

Grágæs og hrafn eru á valista og sáust á athugunarsvæðinu. Engir þessara fugla sem sáust við veglínuna voru varplegir en líklega verpa þeir í grennd við svæðið.

Æðarfugl sást víða á sjó í fjörðunum og verpur hann nær örugglega meðfram ströndinni og á hölmum og skerjum í fjörðunum.

Fuglalífið á athugunarsvæðinu svipar til þess sem er annars staðar í Reykhólahreppi þar sem birkigróður er algengasta búsvæðið (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2005). Algengustu fugla tegundirnar á athugunarsvæðinu eru algengar á Vestfjörðum og um land allt.

Vegagerð

Helstu breytingar á vegstæði eru við Eiðið, Litlanes og þverun í Kerlingar- og Kjálkafirði. Einnig verður nokkuð um skeringar og þá helst við Borgarnes í Kerlingarfirði.

Framkvæmdin mun fyrst og fremst hafa áhrif á algengustu tegundirnar: skógarpröst, hrossagauk og þúfutittling. Þessar tegundir eru í birkinu og/eða við jaðar þess.

Vegir fyrir innan þverun verða aflagðir og í botni Kjálkafjarðar að austanverðu mun hluti af veginum verða fjarlægður. Þessar aðgerðir munu koma til móts við þau áhrif sem vegagerðin mun hafa.

Framkvæmdir munu hafa lítil áhrif á varpfugla á svæðinu.

HEIMILDASKRÁ

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2005. Fuglalíf í Gufudalssveit og nágrenni. Unnið fyrir Vegagerðina vegna mats á umhverfisáhrifum. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 06-05.

Hafdís Sturlaugsdóttir. 2008. Gróðurathugun frá Eiði að Þverá í Kjálkafirði. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 3-08.

Náttúrufræðistofnun. 2000. Válisti 2 – Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Náttúruverndarráð. 1996. Náttúruminjaskrá: skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. 7. útgáfa. Náttúruverndarráð.

Jóhann Skaptason. 1959. Barðastrandarsýsla. Árbók 1959. Ferðafélag Íslands.

Þorleifur Eiríksson. 2001. Fuglaathuganir í Kollafirði, Skálmarfirði, Vattarfirði og á Kletthálsi. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða.